

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að vegna kosninga þeirra til Alþingis, sem fram eiga að fara 2. og 3. desember 1979, beri brýna nauðsyn til að breyta tímamörkum í 26. og 64. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis, svo og að kveða nánar á um tilhögun kosninganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 2. og 3. desember 1979, skulu gilda þau afbrigði frá lögum nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, sem ákveðin eru með lögum þessum.

#### 2. gr.

Öll framboð skulu tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn eigi síðar en miðvikudaginn 7. nóvember 1979.

#### 3. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla skal hefjast laugardaginn 10. nóvember 1979.

#### 4. gr.

Heimilt skal kjósanda að greiða atkvæði utan kjörfundar þótt ástæður þær, sem tilgreindar eru í 62. gr., eigi ekki við, enda hafi hann ástæðu til að ætla að veður eða færð muni hamla honum að sækja kjörfund á kjördegi.

Ákvæði 92. gr., sbr. 9. tölul. 141. gr., víkja að því er varðar þá, sem neyta kosningaréttar utan kjörfundar samkvæmt heimild í 1. málsg.

#### 5. gr.

Nú er öll kjörstjórnin sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, og má þá kjörstjórn ákveða, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík og kjörstjórn samkvæmt 1. málsl. 2. málsg. 10. gr. í öðrum kaupstöðum tekur ákvörðun um lok kosninga í hlutaðeigandi kaupstað.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund eigi síðar en kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

6. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum, og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr. og áður en kosningu lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi, er setja skal eigi síðar en kl. 12 á hádegi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 22. október 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Vilmundur Gylfason.*